



26. - 28. maí: Við fljúgum frá Keflavík með Icelandair að morgni 26. maí, kl. 07:20 og lendum í München í Þýskalandi kl. 13:05 að staðartíma. Ekið sem leið liggur til Bodensee, en fyrsti næturstaður okkar er [Four Points by Sheraton](#) í Dornbirn.

27. maí: Við förum í dagsferð til blómaeyjunnar Mainau við Bodensee og njótum þessa stórkostlega svæðis.

28. maí - 1. júní: Eftir bökkum Rínarfjólts höldum við um fjöll og dali til til bæjarins Weggis sem stendur við Lucernevatn í Sviss. Gefum okkur þó tíma til að heilsa uppá íbúa furstadæmisins Liechtenstein. Í Weggis gistum við í fjórar nætur og förum í dagsferðir um nágrennið. Fjöllin gnæfa yfir og kláfar ganga á milli þorpa. [Gist á Hótel Graziella](#).

29. maí: Dagurinn hefst á akstri til bæjarins Schaffhausen í Sviss, sem stendur við bakka Rínarfjóltsins. Í bænum eru nokkrar af tilkomumestu miðaldabyggingum landsins, allar ríkulega skreyttar. Eftir skoðunarferð í bænum verður haldið áfram að Rínarfossunum sem staðsettir eru skammt frá bænum. Fossarnir eru afar mikið sjónarspil, þeir eru kraftmestu fossar í mið-Evrópu og falla um 23 metra milli stórskorinna klettadranga.

30. maí: Skoðunarferð um næsta nágrenni Weggis

31. maí: Dagsferð til bæjarins Interlaken þar sem gjótur, vötn og fjöll verða rannsökuð.

1. - 6. júní: Við keyrum til hins undurfagra svissneska bæjar Lugano þar sem ævintýraheimur tekur á móti okkur. Lugano sem er syðsta stóra borgin í Sviss með ríflega sextíu þúsund íbúa og stendur rétt við landamæri Sviss og Ítalíu. [Gist á Hótel Delfino Lugano](#).

2. júní: Frjáls dagur í Lugano

3. júní: Skoðunarferð um vötn, fjöll og dali í nágrenni Lugano

4. júní: Bregðum undir okkur betri fætinum og förum í dagsferð að Comovatni á Ítalíu

5. júní: Notum daginn til að heimsækja þjóðgarða og elsta þéttbýlissvæði Sviss, bæinn Chur

6. júní: Dólum okkur aftur í norðurátt til flugvallarins í Zurich. Þaðan fljúgum við kl. 17:35 að staðartíma, lendum í Keflavík kl. 19:25 að staðartíma.





VERÐ:

305.000 kr. á mann í tveggja manna herbergi.

Aukagjald fyrir einbýli 42.000 kr.

(ath. þeir sem ekki ferðast með ferðafélaga, þurfa að greiða fyrir eins manns herbergi.)

Staðfestingargjald skal greiðast við bókun. Ef bókað er fyrir 15. febrúar þá er verð ferðar 299.000 á mann í tveggja manna herbergi.

Staðfestingargjald er 10% af verði ferðar og er óafturkræft.

VINSAMLEGAST KYNNIÐ YKKUR FERÐASKILMÁLA OKKAR.

Innifalið:

- Flug með Icelandair, til og frá Keflavík og flugvallarskattar.
- Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- Morgunverður alla daga.
- Kvöldverður alla daga.
- Allur akstur erlendis, íslensk fararstjórn og leiðsögn.

**Fararstjóri verður Sveinn Sigurbjarnarson og leiðsögukona Sigurbjörg Árnadóttir.
Upplýsingar og bókanir í síma 476-1399.**

